

Stórfelld mismunun í tollum getur skaðað útflutninginn

Tollalækkanir eiga að skila sér í verði innfluttra vara

Við 2. umræðu tollskrárfrumvarps ríkisstjórnarinnar í neðri deild Alþingis lagði Lúðvík Jónsson áherslu á að af hinum stórfellda mismun á innflutningstollum á vörum frá Eftaríkjum og vörum frá öðrum löndum geti leitt hættu fyrir Íslendinga, einkum til vesturs og austurs, og flutti breytingartillögu á þá leið að sömu tollalækkan-

ir og gerðar eru gagnvart Efta-löndum skuli einnig gilda gagnvart öðrum ríkjum.

Þá boðaði Lúðvík einnig breytingartillögu við 3. umræðu málsins, sem miðaði að því að tryggja að tollalækkanirnar kæmu fram í söluverði hinna innfluttra vara. Fjármálaráðherra lýsti sig andvígna tillögnum.

Matthías A. Mathisen talaði fyrir meirihluta fjárhagsnefndar, og skýrði sæg af breytingartillögum, sem hann flytur í samræmi við athugun þá sem fjárhagsnefndir beggja þingdeilda höfðu gert á frumvarpinu. Kveða breytingartillögurnar á um talsvert meiri tollalækkanir en fyrirhugað var í frumvarpinu upphaflega, og talið að nema muni um 30 milljónum.

AFSTADA ALÞYÐU-BANDALAGSINS

Lúðvík Jónsson talaði næstur af hálfu 1. minnihluta fjárhagsnefndar, og ræddi afstöðu Alþýðubandalagsins til tollskrármálsins á þessu stigi. Sú afstada er skýrt mörkuð í nefndaráli Lúðvíks, sem er á þessa leið:

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um breytingar á tollskrá, er flutt af ríkisstjórninni, fyrst og fremst til þess að breyta tollalöggjöfinni til samræmis við þær skuldbindingar, sem fylgja aðild Íslands að EFTA. Hér er því ekki um almenna endurskoðun á tollalöggjöfinni að ræða, heldur takmarkaðar breytingar, sem í ýmsum tilfellum auka fremur en minnka það mismæmi, sem fyrir er í tollskrárlögum.

Framhald á 9. síðu.

ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 23. janúar 1970 — 35. árgangur — 18. tölublað.

Lítið talað við verkfallsskipstjóra

„Okkur liggur ekkert á“

Segir Björn Þorsteinsson, skipstjóri

Í gærðag var haldinn stjórnarfundur LÍU út af verkfalli starfandi sjómanna á loðnubátum. Að loknum þeim fundi s.d. í gær óskaði stjórn LÍU eftir því við verkfallssnefnd skipstjóra að fá 2 skipstjóra úr nefndinni til viðræðna við sig í gærkvöldi.

Þjóðviljinn hafði talið af Birni Þorfinnssyni, skipstjóra, snemma í gærkvöld. Er hann einn af skipstjórunum í verkfallssnefndinni.

Ekkert gerðist í dag, sem í frásögur er færandi utan

þessar viðræður við útgerðarmennina í kvöld. Þeir eru yfirleitt hlynntir okkur. Svo er að heyrna í viðræðum við hvern einstakan. Við erum ekkert að flyta okkur. Okkur liggur ekkert á sagði Björn. Samstæðan hjá skipstjórunum er mjög góð og veit ég ekki um neinn brest þar á. Mér hefur skilist, að Ómil sé búinn að taka við af Eggert. Hann liggur veikur í flensu. Forsætisráðherra er líka veikur. Nei, — okkur liggur ekkert á. Við biðum

16 bátar á loðnuveidar fyrir austan

Sýnum samstöðu í verkfalli, segir austfirzkur skipstjóri

★ Við náðum tali af Hjörvari Valdimarssyni, skipstjóra á Bardanum frá Neskaupstað, og spurðum hann um viðhorf austfirzkra skipstjóra á loðnuveidibátum til verkfallsins.

★ Við sýnum algera samstöðu með félögum okkar fyrir sunnan og ég hef ekki hitt neinn sjómann á loðnuveidibát, sem þykir annað koma til greina.

Margir bátanna eru heldur ekki tilbúnir að hefja veiðar, þar sem ráðist hefur verið í það að dýpka loðnunæturnar síðustu daga til þess að geta fangað loðnuna á meira dýpi. Annars er öðrum undirbúningi að mestu lokið.

Bræla hefur verið löngum í janúar hér fyrir austan og ídag hefur verið hvasst og haugasjór á miðunum.

Þá höfum við líka talið af Sigurjóni Valdimarssyni, skipstjóra á Berki NK. Ekkert er að heyrna annað en samstæða sé hjá sjómönnum á loðnubátunum hér fyrir austan. Ég verð hins vegar ekki með Bökk í vetur á loðnuveidum. Hefur verið ráðinn nýr skipstjóri á bátinn. — Verður Magni Kristjánsson með Bökk í vetur, sagði Sigurjón.


Veðurspá var talin batnandi fyrir austan í gær og linnir þá samfelldri ótíð að undanförunu fyrir austan. Haugasjór og rok hefur verið úti svo til allan janúar mánuð og hamlað sjósókn.

Á Neskaupstað verða gerðir Framhald á 9. síðu.

Fylkingin

Skrifstofan og félagsheimilið eru opin alla daga frá kl. 3 til 23.30.

Ritnefndarfundur Neista á laugardag kl. 2.



Stormharpan í Norræna húsinu

★ Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs afhenti Norræna húsinu í gær gjöf frá 13 kaupstöðum landsins. Er það myndvefnaður eftir Asgerði Ester Búadóttur. Heitir myndin Stormharpan og prýðir nú vegg í fundarsal hússins, en þar hafði finnski arkitektinn Alvar Aalto einmitt gert ráð fyrir myndvefnaði. Bókavörður hússins, Else Sigurðsson veitti gjöfinni móttöku. Á myndinni er listakonan við mynd sína.

Sýningunni að Laugav. 18 lókur á sunnudag

Sýningunni í nýjum sýningar-sal Listasafns ASÍ að Laugavegi 18 lýkur á sunnudaginn. Er hún opin frá kl. 15-18, og hefur aðsókn verið góð. Þar eru sýndar 19 myndir eftir 16 höfunda. Elzta myndin á sýningunni er mynd Þórarins B. Þorlákssonar frá 1910 en yngstu verkin þar eru samstæða grafískra verka eftir Einar Hákonarson.

Önnur sýning verður opnuð í þessum húsaeynum í marz.

Alþýðubandalagið í Kópavogi

Félagsfundur í Þinghóli í kvöld, föstudag, kl. 20.30. — Dagskrá:

1. Félagsmál.
2. Bæjarstjórnarkosningarnar.

Félagar, fjölmennið.

— STJÓRNIN.

Fjársterkir vandamenn sjaldgæfari heldur en unglingar fúsir til náms

Þjóðviljanum hefur borizt skelegg greinargerð frá íslenskum námsmönnum í Lundi, þar sem þeir m.a. sýna fram á að námsmenn, hjón eða einstakling, vantar frá 140.000 til 240.000 krónur til þess að endarnir nái saman á þessu ári þar til úthlutun fer fram árið 1971. „Námslánun er svo seint úthlutað að engu er líkara en um sé að ræða samræði til að fæla fólk frá þeirri hugmynd að leggja út í nám“. „Og fjársterkir vandamenn eru því miður sjaldgæfari en námsfúsir unglingar“. „Ekkert þarf að orðlengja það að menntun er nú forréttindi hinna efnuðu á Íslandi“. — M.a. á þessa leið er að orði komizt í greinargerðinni og ennfremur segir í kröfugerð námsmanna:

★ Við krefjumst þess, að framvegis verði námslánun — eða að minnsta kosti hluta þeirra — úthlutað í upphafi hvers skólaárs.

★ Við krefjumst jafnframt, að lánun fyrir yfirstandandi námsár verði úthlutað þegar í stað. Verði það ekki gert er sýnt að margir námsmenn verða að hverfa frá námi.

★ Við krefjumst þess ennfremur, að vandamenn geri sem fyrst ráðstafanir til þess að stórmínka bilið milli námslána og fjárþarfar. Geri þeir það ekki er ljóst að framhaldsmenntuðum Íslendingum

mun fara hriðfækkandi á sama tíma og aðrar þjóðir gera stóratæk til að fjölga sínum menntamönnum.

★ Ekkert þarf að orðlengja það að menntun er nú forréttindi hinna efnuðu á Íslandi.

Blaðinu barst þessi greinargerð í gær og er hún undirrituð af Birgi Guðmundssyni, Högna Hanssyni, Þór Konráðssyni og Þorbiirni Broddasyni.

Íslensku stúdentarnir styðja mál sitt m.a. með dæmum: —

1. dæmi: Námsmaður á fyrsta ári, sem ekki nýtur styrks úr heimahúsum. Kom að loknu prófi til vinnu í Svíþjóð. Þegar dæmið hefur verið gert upp vantaði 13.500 ísl. kr. til þess að peningarnir dyggðu til áramóta og er þó talið tekjumeigin lán úr senskum stúdentabanka 51.000 ísl. kr. Í febrúar fær þessi námsmaður lán að heiman um 60.000 kr. Hann þarf þá að afla sér 140.000 ísl. króna til viðbótar fram að lánsúthlutun 1971, auk þess sem hann verður að

standa í skilum með vexti og afborganir af senska láninu. (9 prósent vextir, afb. 20% á ári). 2. dæmi: Hjón sem eru bæði við nám. Hvorugt nýtur styrks úr heimahúsum. Hann lauk stúdentprófi s.l. vor. Komu til Svíþjóðar í júnílok. Unnu þar til nám hófst 1. september. Þegar vinnulaunin voru á þrotum sáu þau fram á að þau yrðu að selja íbúðarhluta sem þau áttu á Íslandi ef þau ættu að geta haldið áfram námi. Þegar útgjöld hafa Framhald á 9. síðu.

Minni kaupmáttur — hærra verð

Fyrir 10 árum tók tvo tíma að vinna fyrir kg. af smjöri — núna þrjá!

Í gær birtum við samanburð á kaupmætti launa 1959 og 1970 gagnvart þremur vörutegundum. Sást þá glögt

hvernig kaupmátturinn hefur rýrnað gagnvart almennum neyzluvörum almennings, og dæmin sem við birtum í dag

Verkamaður var 10 mínútur að vinna fyrir einu kíló af hveiti 1959. Núna er verkamaðurinn 20 mínútur að vinna fyrir 1 kg. hveitis. Er þá miðað við að hveitið sé keypt í 2½ kg. pakknungum á kr. 53.20.

Verkamaður var 11 mínútur að vinna fyrir 1 kg. stráskykurs. Núna er hann 16 mín. að vinna fyrir þessari sömu vörutegund. Er gert ráð fyr-

eru jafnljós. Tekið skal fram að miðað er við tímakaup skv. II. taxa Dagsbrúnar í okt. 1959 og í jan. 1970. Kaup pr.

ir að sykurinn sé keyptur í 2ja kg pakknungu á kr. 32.50.

Það tók verkamanninn 122 mínútur — eða tvo tíma og tvær mínútur — að vinna fyrir einu kg. af smjöri í okt 1959. Núna í janúar 1970 er verkamaður 177 mínútur að vinna fyrir sama magni af smjöri — rétt tæpa þrjá tíma.

Fleiri dæmi einhvern næstu daga.

mínútu er í fyrra tilfelli 35,2, en í síðara tilfelli 105 mínútur. (Í samanburðinum er reiknað í heilum mín.)